

**AUGLÝSING**  
**um bókun um breytingu á samningi um stofnun**  
**Norrænnar einkaleyfastofnunar.**

Hinn 19. desember 2012 var danska utanríkisráðuneytinu afhent samþykktarskjal Íslands vegna bókunar, sem gerð var í Genf 2. október 2012, um breytingu á samningi um stofnun Norrænnar einkaleyfastofnunar frá 5. júlí 2006.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.*

F. h. r.  
**Martin Eyjólfsson.**

---

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.****Bókun um breytingu  
á samningi um stofnun Norrænnar einkaleyfastofnunar.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Íslands og Noregs (hér á eftir nefndir samningsaðilar), sem æskja þess að gera bókun um breytingu á samningi frá 5. júlí 2006 um stofnun Norrænnar einkaleyfastofnunar (hér á eftir nefndur samningurinn) til að fjölga þeim ríkjum sem Norræneinkaleyfastofnuninni er heimilt að starfa fyrir sem alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun og alþjóðleg forathugunarstofnun samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

**1. gr.**

Eftirfarandi ný málsgrein bætist við 5. gr. samningsins og skal númeruð sem 5.4:

Með fyrirvara um samning milli NPI og WIPO er NPI heimilt að gegna hlutverki alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknarstofnunar og alþjóðlegrar forathugunarstofnunar fyrir sérhverja alþjóðlega umsókn sem lögð er inn hjá viðtökustofnun aðildarríkja að PCT, eða viðtökustofnun sem starfar fyrir aðildarríki, sem liggja landfræðilega að einu eða fleiri aðildarríkjum að samningi þessum enda tilnefni viðtökustofnunin NPI sérstaklega í þessu skyni.

**2. gr.**

Endurnúmera skal málsgreinar 5. gr. sem hér segir: 5.4 verður 5.5, 5.5 verður 5.6, 5.6 verður 5.7 og 5.7 verður 5.8.

Samkvæmt því skulu orðin „5.1, 5.2, 5.3 og 5.5 hér á undan“ í núverandi 5.6 í samningnum leyst af hólmi, í 5.7, með orðunum „5.1, 5.2, 5.3, 5.4 og 5.6 hér á undan“ og orðin „5.1-5.6 hér á undan“ í núverandi 5.7 í samningnum leyst af hólmi, í 5.8, með orðunum „5.1-5.7 hér á undan.“

**3. gr.**

Bókun þessi öðlast gildi á þeim degi er allir samningsaðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu skriflega að bókunin hafi verið samþykkt. Utanríkisráðuneyti Danmerkurskal tilkynna hinum samningsaðilunum um móttöku tilkynningarinnar og dagsetningu gildistöku bókunarinnar.

Bókun þessi gildir meðan samningurinn gildir.

Frumrit bókunar þessarar skal afhent utanríkisráðuneyti Danmerkur til vörslu sem skal senda hinum samningsaðilunum staðfest endurrit þess.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar samningsaðila, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í Genf hinn 2. október 2012 í einu frumriti á ensku, dönsku, íslensku og norsku. Stangist enski texti bókunar þessarar á við danskan, íslenskan og norskan texta bókunar þessarar skal enski textinn gilda.

**Protocol of amendment  
of the Agreement on Establishing of the Nordic Patent Institute**

The Governments of Denmark, Iceland and Norway (hereinafter referred to as the “Contracting Parties”), desirous to conclude a Protocol amending the Agreement of 5 July 2006 on the Establishing of the Nordic Patent Institute (hereinafter referred to as the “Agreement”) to broaden the scope of countries for which Nordic Patent Institute can act as International Searching Authority and International Preliminary Authority under the Patent Cooperation Treaty;

Have agreed as follows:

Article 1

The following new paragraph shall be added to Article 5 of the Agreement and numbered as 5.4: “Subject to an agreement between NPI and WIPO, NPI may act as International Searching Authority and International Preliminary Examining Authority for any international application filed with the receiving Office of, or acting for, States party to the PCT, adjacent to one or more of the Contracting Parties of this Agreement, provided that the receiving Office specifies NPI for that purpose.”

Article 2

The paragraphs of Article 5 shall be renumbered as follows: 5.4 shall become 5.5, 5.5 shall become 5.6, 5.6 shall become 5.7 and 5.7 shall become 5.8.

Consequently the words “Paragraphs 5.1, 5.2, 5.3 and 5.5 above” in the Paragraph 5.6. of the Agreement shall be replaced, in Paragraph 5.7, by the words “Paragraphs 5.1, 5.2, 5.3, 5.4 and 5.6 above” and the words “Paragraphs 5.1 through 5.6 above” in the pre- sent Paragraph 5.7 of the Agreement shall be replaced, in Paragraph 5.8, by the words “Paragraphs 5.1 through 5.7 above”.

Article 3

This Protocol shall enter into force on the date when all Contracting Parties have notified the Danish Ministry of Foreign Affairs, in writing, that the Protocol has been approved. The Ministry of Foreign Affairs of Denmark shall inform the other Contracting Parties of the receipt of the notification and the date on which the Protocol enters into force.

This Protocol shall remain in force so long as the Agreement is in force.

The original of this Protocol shall be deposited in the Ministry of Foreign Affairs of Denmark, which shall transmit certified copies of it to the other Contracting Parties.

IN WITNESS HEREOF the undersigned representatives of the Contracting Parties being duly authorized hereto by their own governments have signed the present Protocol.

Done at Geneva this second day of October 2012, in a single original in the English, Danish, Icelandic and Norwegian languages. In case of conflict between the English text of this Protocol and the Danish, Icelandic and Norwegian text(s) of this Protocol, the English text shall prevail.